

Nd.

369. Breytingartillögur

[233. mál]

við frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Karvel Pálmasyni.

1. Við 1. gr. 2. másl. fyrri málsgr. falli brott.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985 og skal því varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og til að draga úr verðmun á rafmagni til heimilisnota. Á árinu 1985 skal þess gætt að verðmunur á rafmagni vaxi ekki frá 1. desember 1984 á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í samanburði við gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

3. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:

Til að bæta Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða þann tekjumissi, sem hlýst af lækkun verðjöfnunargjaldsins úr 19% í 16%, skal ríkissjóður yfirtaka áhvílandi lán, sem þessu nemur, hjá fyrirtækjunum frá ársbyrjun 1985 að telja.